

Í þessari greinagerð er hægt að finna lykil upplýsingar fyrir fjárfesta um þennan sjóð. Þetta efni er ekki ætlað til markaðsetningar. Þessar upplýsingar eru gefnar lögum samkvæmt til að hjálpa hugsanlegum fjárfestum að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóð. Þér er ráðlagt að lesa þær til að geta tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú skulir fjárfesta eða ekki.



Lykil upplýsingar fyrir fjárfesta

Montanaro European Smaller Companies Fund (Sjóður)

Bréfa flokkur: Euro Institutional Distribution Class (ISIN IE00BBT35671), undirsjóður Montanaro Smaller Companies plc (Fyrirtækið).

Markmið og fjárfestingastefna

Markmið fjárfestingastefnu

Til að ná betri ávöxtun en Viðmiðið, MSCI Europe SmallCap (Capital Return) Index ("Viðmiðið").

Markmið fjárfestingastefnu

Sjóðurinn mun aðallega fjárfesta í smærri meðalstórum (SmallCap) fyrirtækjum sem skráð eru í ES, Bretland, Íslandi, Noregi og Svissmeð markaðsvirði sem er lægra en hæsta óleiðréttu markaðsvirði einhvers þátta MSCI Europe SmallCap (Capital Return) Index vísitölunnar við upprunalega fjárfestingu. Fjárfesting í óskráðum fyrirtækjum er óheimil.

Sjóðnum er stjórnað með virkum hætti og hann fylgir ekki MSCI Europe SmallCap (Capital Return) Index. Viðmiðið er notað til samanburðar. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í verðbréfum sem ekki eru innifalin í Viðmiðinu. Fylgst er með sjóðnum með tilliti til Viðmiðsins en hann er ekki bundinn af því.

Tekjur

Ef nægar hreinar tekjur eru fyrir hendi, verða arðgreislur greiddar út árlega. Þú getur valið um að endurfjárfesta arði þínum.

Gjaldmiðill sjóðsins

Grunngjaldmiðill sjóðsins er Evra.

Framtíð fjárfestingarinnar

Fyrirmæli: Þessi sjóður hentar e.t.v. ekki fjárfestum sem ætla að taka fé sitt út úr honum á innan við fimm árum.

Viðskiptatiðni

Hægt er að selja hluti sína eða fjárfesta í sjóðnum fyrir klukkan 12 (Dublin tíma) alla virka daga nema lögbundna frídaga á Írlandi og Bretlandi.


Áhættu og ágóða mat

Minni áhætta

Meiri áhætta

Mögulega minni ágóði

Mögulega meiri ágóði



Þessar tölur meta hvernig sjóðurinn stendur sig og áhættu á að þú tapir allri eða hluta af fjárfestingu þinni. Almenn séð veldur möguleikinn á meiri ágóða einnig meiri áhættu. Hinsvegar þýðir lægsti flokkurinn (1) ekki að fjárfestingin sé áhættulaus.

Áhættuflokkunin byggist á sögulegri reynslu sem er ef til vill ekki áreiðanleg fyrir framtíðar áhættuflokkun sjóðsins. Áhættuflokkunin sem er sýnd er ekki trygging og getur breyst með tímanum.

Af hverju er þessi sjóður í þessum flokki?

Sjóðurinn fjárfestir í skuldabréfum sem lúta lögmálum markaðarins. Fjárfestingar sjóðsins eru staðsettar á ákveðnu svæði (Evrópu) og geta þess vegna verið viðkvæmari fyrir staðbundnum uppákomum tengdum efnahagi, mörkuðum, sjónmálum eða reglugerðum.

Aukaleg áhætta

Áhætta tengd lausafjárstöðu / markaðsvirði

Minni fyrirtæki geta haft minna lausafé en stærri fyrirtæki og geta þau verið viðkvæmari fyrir efnahagslegum sem og öðrum þáttum. Af þessu leiðir að sjóðurinn getur orðið fyrir meira tjóni hvað varðar andvirði fjárfestinga hans og verðmæti hreinnar eignar á hlut.

Gagnaðili / Rekstraráhætta

Komið getur fyrir að gagnaðili borgi ekki andvirði sölu skuldabréfa af sjóðnum, eða skili ekki skuldabréfum sem keypt eru af sjóðnum. Mistök eða tafir í rekstri geta haft neikvæð áhrif á sjóðinn.

Gengisáhætta

Sjóðurinn fjárfestir í skráðum félögum sem geta haft hlutafé sem skráð er í öðrum gjaldmiðlum en evru sem leiðir til aukalegrar áhættu vegna gengis. Þess að auki verða eigendur bréfa í flokki sem er í öðrum gjaldmiðli en grunn gjaldmiðli sjóðsins fyrir gengisáhættu vegna gengis milli tveggja gjaldmiðlana þar sem gjaldmiðlar eru ekki vogaðir. Mismunandi bréfa flokkar geta skilað mismunandi ávöxtun.

Markaðsáhætta

Virði fjárfestingar og þar af leiðandi virði hlutabréfanna getur lækkað sem og hækkað og getur verið að fjárfestirinn fái ekki til baka þeirri upphæð sem hann fjárfesti upphaflega.

Áhætta vegna frammistöðugjalda

Frammistöðugjöld geta verið borguð fyrir óinnleystan hagnað sem e.t.v. verður aldrei innleystur. Ólík frammistöðugjöld geta verið rukkuð af ólíkum hlutabréfaflokkum sem komið getur niður á fjárfestum sem skipta á milli hlutabréfaflokka.

Skattalegáhætta

Breyting á sköttun á sjóðinn eða skattalöggjöf getur haft áhrif á fjárfestingar sjóðsins.

Frekari upplýsingar um þessar og aðrar áhættur er hægt að finna í „Áhættuþátta“ kaflanum í kynningarskjali og viðaukum sjóðsins.

Gjöld

Gjöldin sem þú borgar eru notuð til að greiða kostnað við að reka sjóðinn þ.m.t. kostnað við að auglýsa og stækka hann. Þessi gjöld minnka mögulegan hagnað af fjárfestingu þinni.

Einstakar greiðslur dregnar frá áður eða eftir að þú fjárfestir

Inngangsgjald	0.00%
Útgangsgjald	0.00%

Þetta er hámarkið sem hægt er að draga frá peningunum þínum áður en fjárfesting á sér stað eða ágóði er greiddur út.


Gjöld sem sjóðurinn borgar yfir árið

Binding fjármagns vegna gjalda	0.84%
--------------------------------	-------

Gjöld sem sjóðurinn borgar vegna sérstakra aðstæðna

Frammistöðugjald 20% (+ virðisaukaskattur) af þeirri fjárhæð sem verðmæti hreinnar eignar er umfram ávöxtun Viðmiðsins auk 3 prósentustiga með fyrirvara um hindranir (vinsamlegast sjáið kynningarskjal fyrir frekari upplýsingar). Á síðasta skattaári sjóðsins var frammistöðugjald að andvirði 1.17% greitt út.

Fyrir árangur



Sjóðurinn rúkkar ekki fyrir inngang og ekki útgangsgjöld.

Fjárhæð viðvarandi gjalda sem hér er sýnd byggist á kostnaði fyrir árið sem lauk þann 31. desember 2020. Ársskýrsla UCITS fyrir sérhvert skattaár mun innihalda nákvæmar upplýsingar um öll gjöld sem greidd voru.

Þessi tala getur breyst frá ári til árs. Hún tekur ekki til frammistöðugjalds eða færslukostnaðar, nema að því varðar inngangs- og útgangsgjöld sem sjóðurinn borgar þegar hann kaupir eða selur einingar í fjárfestingu í sameiningu með öðrum.

Fjárfestingar í sjóðum er hægt að selja til að bregðast við áframhaldandi gjöldum og virði fjárfestingar þinnar getur minnkað. Fyrir frekari upplýsingar um gjöld er hægt að sjá kynningarskjal sjóðsins á www.montanaro.co.uk.

Vinsamlegast athugið að ávöxtun Viðmiðsins sem hér er sýnd er hrein heildarávöxtun, en formlaga Viðmiðið er höfuðstólshækkun.

Fyrri frammistaða tryggir ekki framtíðar niðurstöður. Fyrri frammistaðan sem hér er sýnd er með áföllnum gjöldum. Inngangs / útgangs gjöld eru ekki tekin með. Fyrri frammistaða er reiknuð í EUR og er tilgreind sem prósentu breyting í verðmæti hreinnar eignar sjóðsins við lok hvers árs. Bréfaflokkurinn var skráður í júní 2013.

Hagnýtar upplýsingar

Vörsluaðili

The Bank of New York Mellon SA/NV, Dublin Branch

Stjórnandi

BNY Mellon Fund Services (Ireland) DAC

Frekari upplýsingar

Fyrir frekari upplýsingar um þennan sjóð (svo sem kynningarskjalið, viðeigandi viðauki, og seinasta ársskýrsla og hálfárskýrsla) er hægt að nálgast ókeypis á ensku frá fjárfestingastjóranum, stjórnanda sjóðsins, umboðsmönnum og á netinu á slóðinni www.montanaro.co.uk. Launastefnu sjóðsins er líka hægt að finna á www.montanaro.co.uk.

Fleiri hlutabréfa flokkar eru fáanlegir fyrir sjóðinn. Fyrir frekari upplýsingar um hlutabréfaflokka er hægt að sjá kynningarskjal sjóðsins á www.montanaro.co.uk.

Sjóðurinn tilheyrir stærra félagi sem hefur fleiri undir sjóði, sjóðurinn er einn af þessum undirsjóðum.

Þetta skjal sem inniheldur lykilupplýsingar fyrir fjárfesta (KIID) er sérstaklega ætlað sjóðnum og hlutabréfaflokknum sem tilgreindur er í upphafi skjalsins. Hinsvegar eru kynningarskjalið, ársskýrslan og hálfárskýrslan búin til fyrir allt félagið. KIID skjölin eru fáanleg fyrir alla undirsjóði félagsins ásamt kynningarskjalinu og ársskýrslum á www.montanaro.co.uk.

Hægt er að skipa hlutum í sjóðnum án aukagjalda gegn hlutum í öðrum undirsjóðum fyrirtækisins. Vinsamlegast sjáið kynningarskjalið fyrir upplýsingar.

Eignir sjóðsins eru séreign hans og ekki annarra undirsjóða. Eignir og ábyrgð mismunandi undirsjóða eru aðskilin samkvæmt lögum, eignir þessa sjóðs tilheyra honum þess vegna sérstaklega og ekki er hægt að nota þau til að koma til móts við ábyrgð annara undirsjóða.

Birthing á Verðmæti hreinnar eignar (NAV)

Hægt er að sjá verðmæti hreinnar eignar á Bloomberg og á skráðri skrifstofu fyrirtækisins.

Skattalöggjöf

Sjóðurinn er undir skattalöggjöf og reglugerðum Írlands. Þetta gæti haft áhrif á fjárfestingar þínar eftir í hvaða landi þú ert búsettur. Fyrir frekari upplýsingar ættirðu að hafa samband við skattaráðgjafa.

Ábyrgðaryfirlýsing

Einungis er hægt að telja fyrirtækið ábyrgt fyrir yfirlýsingar í þessu skjali sem eru misbeinandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðeigandi kafla kynningarskjalsins fyrir UCITS.

MONTANARO